

Guðrún Svava og Þorbjörg Höskuldsdóttir

Undanfarið hafa þær stóllur Guðrún Svava Svavarsdóttir og Þorbjörg Höskuldsdóttir verið með sameiginlega myndverkasýningu í vestri sal Kjarvalsstaða og lýkur henni nú um helgina.

Þær stóllur eru mjög virkar í listsköpun sinni og koma víða við, mála, teikna, gera leiktjöld og búninga ásamt því að a.m.k. Þorbjörg er einn af aðstandendum brúðuleikhússins. Þetta eru þannig röskleika valkyrjur sem gefa karlpeningnum ekkert eftir nema að síður væri.

— Það er stutt síðan ég skrifaði um myndir Guðrúnar Svövu er til sýnis voru í Listmunahúsinu við Lækjargötu og gæti sumt af myndum hennar á þessari sýningu rímað við þá umsögn mína og þá einkum olíumálverk í hlutbundnum stíl. Þó má merkja töluverða tæknilega framför í ýmsum myndanna og vil ég þá helst nefna myndina „Börnin okkar“ (12), þar sem fram kemur falleg en dálítið köld grátónaheild á móti óranslitum handleggjum, sem taka full mikið í, þ.e. liturinn er of sterkur eða öllu heldur hrár á móti grátónaheildinni þannig að augað leitar of mikið til handleggjanna í stað þess að nema myndina í

heild. En fyrirtækið er mjög djarft og sem slíkt virðingart.

A sýningunni eru nokkrar myndraðir í olíu á striga og teikningum er listakonan nefnir „Myndraðir um frelsi“. Þar kemur það fram er ég hefi áður látið hafa eftir mér um þessa listakonu að hin fingerðu kvenlegu blæbrigði eru sterkasta hlið hennar. Það er t.d. miklu meiri finleiki og samræmi í myndum nr. 15 og 16 en t.d. 17 og 18, sem virka mun hrárri í útfærslu allri.

Þetta sama kemur fram í teikningum nr. 19 og 21, sem mér þykja fingerðastar, blæbrigðaríkastar og um leið áhrifamestar teikninganna.

— Það er auðséð að Guðrún Svava er í sókn sem málari en hún mætti gjarnan fara sér hægar og þrautvinna myndirnar, — treysta á köflum meir á eigin augu og hendur en myndvörpun.

— Þorbjörg Höskuldsdóttir er traustur málari, sem hefur haslað sér völl á dálítið óvenjulegu sviði og myndsvið hennar virðist komið í full fastar skorður, má vera að hún dreifi kröftum sínum um of. Teiknari er hún líka ágætur og í heild bera myndir hennar þess vitni, að hún er mun meira skóluð en stallsystir hennar



Guðrún Svava Svavarsdóttir er hér að setja upp eina af myndröðunum „Um frelsið“.

Myndir: RAX



Þorbjörg Höskuldsdóttir við málverkið „Jökullinn“.

og mega menn meta það og skilja svo sem þeir vilja.

Tíglar einkenna mjög myndir Þorbjargar enda segist hún vera að flísaleggja náttúruna(!), einnig eru myndir hennar mjög arki-

tektónískar í byggingu og hugsun, enda mun hún njóta aðáunar í röðum húsa-meistarar er festa sér vísast óspart myndir hennar.

Í málverki sínu „Öngþveiti“ (11) virðist hún vera

Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

að reyna fyrir sér á nýju myndsviði og ferst það vel úr hendi, myndin er kröftug, vel uppbyggð og skemmtilega klassísk í myndhugsun.

Myndir Þorbjargar í blandaðri tækni þóttu mér hrifmestar, t.d. myndirnar „Út“ (12), „Fjallagólf“ (15), „Eldfjallið“ (21), „Jökullinn“ (22) og „Frumdrög“ 22—25. Myndin „Eldfjallið“ er mjög skemmtilega uppbyggð mynd þar sem bestu eðliskostir listakonunnar fá notið sín og gaman væri ef hún útfærði hana í málverki af sömu nákvæmni þótt ekki þori ég að spá um árangurinn, því að það breytist svo margt við stækkun forma.

— Dregið saman í hnotskurn þá hefði mátt vera meiri slagkraftur í sýningunni í heild og má það sumpart skrifast á kostnað upphengingarinnar, sem er full eintóna og bragðdauf. Það er líkast sem sumir forðist hið óvænna sem heitan eld, — allt á að vera opið, rétt og slétt.

— Þetta er sýning sem fyllilega á það skilið að vera skoðuð og vonandi fjölmennir fólk á Kjarvalsstaði um helgina því þar er margt að skoða um þessar myndir.

Bjóðum stoltir

PENTAX



MX, MV, ME, ME Super og loksins PENTAX LX. Greiðslukjör

Landsins mesta úrval af ljósmyndavörum.

Verslið hjá fagmanninum

Mats

LJOSMYNDAÞJONUSTAN S.F.

LAUGAVEGI 178

REYKJAVÍK

SÍMI 85811

Vilja lögleiðingu bílbelta

NÝLEGA hélt klúbburinn Öruggur akstur í Reykjavík 15. umferðarmálafund sinn frá árinu 1966. Var hann haldinn í Súlnasal Hótel Sögu og sóttur af rétt um 250 manns.

Að loknu ávarpi formanns klúbbsins, Gísla Björnssonar lögreglufulltrúa, fór fram hefðbundin verðlaunamerkjaafhending Samvinnutrygginga fyrir Öruggan akstur. Árið 1980 hlutu 312 bifreiðaeigendur 5 ára viðurkenningu, en 97 10 ára verðlaun, 34 20 ára og 2 30 ára verðlaun að þessu sinni. Geta má þess, að 10 ára áföngunum fylgir iðgjaldsfrí

ábyrgðartrygging viðkomandi ökutækis 11. árið.

Aðal umræðefni fundarins var svo umræða um bílbeltin eða öryggisbelti, eins og sumir nefna þau, kosti þeirra og hugsanlega galla. Fór málflutningur aðallega fram í formi spurninga og svara.

Að loknum umræðum var eftirfarandi tillaga frá stjórn klúbbsins samþykkt einróma gegn 2 mótatkvæðum:

„Almennur umferðamálafundur á vegum klúbbsins Öruggur akstur í Reykjavík, haldinn að Hótel Sögu 18. marz 1981, skorar á dómsmálaráðherra að beita sér

fyrir því, að notkun bílbelta verði lögfest á yfirstandandi þingi.“

Stjórn klúbbsins var öll endurkjörin, og skipa hana þessir: Gísli Björnsson, lögreglufulltrúi, formaður, Gísli Kárasón, bifreiðastjóri og Guðmundur Höskuldsón, tryggingafulltrúi. Varamenn eru: Úlfur Markússon, framkvæmdastjóri og Ólafur Einarsón, kennari.


Fundarstjóri þessa fundar var Baldvin Þ. Kristjánsson, en fundarritari Guðmundur Höskuldsón.

Stykkishólmur:

Ísinn á förum og allir bátar á sjó

Stykkishólmi, 27. marz. Í DAG hefur verið hér sól og blíða og hið bezt veður eftir hina löngu tíð umhleyppinga. Ísinn er nú að gisna mjög í höfninni og er hann á förum af firðinum. Allir bátar fóru á sjó og vonum við nú að sumarið sé í nánd. Ættu bátar þá að geta farið að stunda róðra daglega og vitja neta.

Fréttaritari



KAUPMENN-VERSLUNARSTJÓRAR

ÁVEXTIR VIKUNNAR

Epli rauð - Epli græn - Epli dönsk - Appelsínur - Blíð appelsínur - Sítrónur - Greipaldin - Vínber græn - Vínber blá - Perur - Melónur - Plómur - Pomeios - Jarðarber - Kiwi - Ananas - Bananar - Klementínur Jaffa

EGGERT KRISTJÁNSSON HF
Sundagörðum 4, sími 85300

